

# Fundargerð 36. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2017, fimmtudaginn 7. september kl. 18:30 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar á Hótel Sigló, Siglufirði.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Páll Björgvin Guðmundsson, Steinunn María Sveinsdóttir, Anna Lind Ragnarsdóttir og Sigrún Árnadóttir.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir samskiptastjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Skipting veiðigjalda til sveitarfélaga - leiðir og forsendur - 1708002SU

Róbert fór í gegnum kynningu sína fyrir morgundaginn. Reiknilíkanið er enn ekki að fullu tilbúið og verður ýtarleg kynning á því að bíða þar til allar forsendur og magntölur liggja fyrir. Að þeirri kynningu lokinni var Róberti þakkað fyrir vel gerða kynningu.

*Samþykkt að skipta þátttakendum á sjávarútvegsfundinum upp í tvo umræðuhópa til að ræða þær hugmyndir sem Róbert kynnir og var hann beðinn um að taka saman lykilsurningar fyrir hópana til að vinna með. Vali og Helgu falið að vera starfsmenn hópanna, Steinunni falin fundarstjórn á fundinum og Páli á aukaðalfundinum. Markmið hópastarfsins er að fá skoðanir á þeim forsendum sem líkanið byggir á svo að klára megi smíði þess og stjórn geti leitað umboðs til að hefja viðræður við ríkisvaldið.*

### 2. Sjávarútvegsfundur og aukaðalfundur 2017 - 1705001SU

Valur fór í gegnum dagskrá beggja funda og fyrirtækjaheimsóknir. Einnig rakti hann þær tillögur sem lagðar verða fyrir til breytinga á samþykktum samtakanna á aukaðalfundi.

*Samþykkt að stjórnin leggi fram breytingartillögu þess efnis að fiskeldi komi í stað lagareldis í breytingartillögunni. Þótti stjórnarmönnum lagareldi full ógagnsætt og óalgengt hugtak.*

### 3. Áhættumat Hafrannsóknarstofnunar um fiskeldi - 1708003SU

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur boðað til fundar 27. sept. nk. kl 08:30 til 10:30 um áhættumat Hafrannsóknarstofnunar. Stjórn hvött til að mæta, en samgöngugjöfing fer fram í Hveragerði síðar þennan dag.

Fundi var slitið kl. 19:45

---

Gauti Jóhannesson

---

Páll Björgvin Guðmundsson

---

Steinunn María Sveinsdóttir

---

Anna Lind Ragnarsdóttir

---

Sigrún Árnadóttir